

Nr. 20/1995. Föstudaginn 15. desember 1995.
Vinnuveitendasamband Íslands f.h.
Vinnuveitendafélags Vestfjarða
 (Ragnar Árnason cand. jur.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs
 (Björn L. Bergsson hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanevnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem þingfest var 7. nóvember sl. og dómtekið 11. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 3. nóvember sl. .

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Vinnuveitendafélags Vestfjarða, kt. 700269-0279, Engjavegi 14, Ísafirði.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, kt. 490272-4299, Pólgötu 2, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendafélags Vestfjarða frá 4. apríl 1995 sé ógild.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda og að litið verði til frávísunarkröfu stefnda við ákvörðun málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði.

Málavextir.

Hinn 4. apríl 1995 gerði Vinnuveitendafélag Vestfjarða og Vinnu-
 málambandið kjarasamning við Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði

og þrjú önnur verkalýðsfélög. Með þeim samningi skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningi Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995.

Með bréfi Verkalýðsfélagsins Baldurs dags. 16. október 1995 sagði félagið upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur. Þar kemur fram það mat félagsins að grundvöllur sá sem samningar aðila hafi byggst á sé brostinn, launajöfnunarstefnan hafi beðið skipbrot og aðgerðir stjórnvalda séu ekki í takt við samningsgerðina. Fylgt hafi fundarsamþykktir félagsfunda þann 12. og 14. október 1995, þar sem almennt sé vísað til óánægju með þróun efnahags- og kjaramála.

Með bréfi 30. október 1995 mótmælti stefnandi uppsögninni sem ólögmætri og skoraði á stefnda að draga uppsögnina til baka.

Með úrskurði dómsins uppkveðnum 24. nóvember sl. var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Hinn 30. nóvember sl. komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra“.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og byggir hann kröfugerð sína á því, að stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, sem er innan Verkamannasambands Íslands, hafi með samningi við Vinnuveitendafélag Vestfjarða þann 4. apríl 1995 gerst aðili að kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 með forsendum og fyrirvörum 16. og 17. greinar samningsins. Uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á samningnum sé ekki í samræmi við ákvæði 17. gr. þess samnings og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem séu tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt. Af eðli kjarasamninga leiði að gildistími þeirra þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim

verði sagt upp. Launanefnd ASÍ og vinnuveitenda hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og öðrum þeim samningum, sem gerðir voru í febrúar, verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi koma saman og reyna til þrautar að komast að samkomulagi innbyrðis og við stjórnvöld um aðgerðir í efnahags- atvinnu- og verðlagsmálum. Fyrst eftir að launanefnd hafi skilað álitinu sínu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir samninga. Þá geti hvor aðili launanefndar, ef samningsforsendur verða taldar brostnar, sagt upp samningum. Það sé hins vegar ekki á færi einstakra stéttarfélaga að segja upp samningum. Aðilar að kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið þrír, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarfélaga. Það séu hins vegar aðeins tveir aðilar sem sagt geti upp samningunum. Þetta komi glögglega fram í 17. gr. samningsins þar sem segir: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum. . .“. Hér geti aðeins verið átt við hvorn hluta launanefndar. Þetta hafi verið sameiginlegur skilningur Vinnuveitendasambandsins og landssambanda ASÍ. Hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og í kjarasamningunum 1990 og 1993. Einni launanefnd sé falið vald til að meta hvort forsendur hafi staðist, hlutast til um aðgerðir til að stuðla að því marki og jafnframt að segja samningum lausum ef marktæk frávik hafi í raun orðið frá hinum samningsbundnu forsendum.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að þar sem launanefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir uppsögn samninganna sé uppsögn stefnda ógild.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi bendir á, að stefnandi byggi málsástæður sínar ekki á því, að forsendur uppsagnar séu ekki fyrir hendi og þar með að hinn efnislega rétt til uppsagnar kjarasamninga skorti. Málsástæður stefnanda séu einungis þær, að fyrst eftir að launanefnd hafi skilað álitinu sé tilefni til ákvörðunar um uppsagnir og að þá geti aðeins hvor hluti launanefndar um sig tekið ákvörðun um uppsögn samninga.

Ágreiningslaust sé að niðurstaða launanefndar ráði því hvort uppsagnir kjarasamninga taka gildi 30. nóvember n.k. Hins vegar mótmælir stefndi því að það sé aðeins á færi launanefndar að segja upp samningum.

Alþýðusamband Íslands hafi staðið að gerð kjarasamninga á árinu 1993. Sú launanefnd sem Alþýðusambandið samdi um í 7. gr. þess samnings sé skipuð af Alþýðusambandinu og eigi að fylgjast með framvindu efnahagsmála og gera tillögur um viðbrögð til Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambands Íslands og stjórnvalda, þ.e.a.s. þeirra samtaka sem að nefndinni standa. Í þessum samningi frá árinu 1993 standi berum orðum:

„Heimilt er hvorum hluta launanefndar að segja samningum lausum . . .“.

Í samningunum sem gerðir voru á þessu ári, 1995, hafi orðalagi 17. gr. um launanefnd verið breytt, bæði hvað varðar skipan og verk-svið. Nú sé launanefnd skipuð þrem fulltrúum frá landssamböndunum innan Alþýðusambands Íslands. Hlutverk hennar sé að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála á samningstímanum og gera tillögur um viðbrögð til „samtakanna“. Hér hljóti að vera átt við landssamböndin og þau félög sem standa að hverjum samningi fyrir sig. Síðan segir:

„Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávík hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt 16. gr.“.

Orðalagið í samningnum um uppsagnarrétt launanefndarinnar eins og það var á árinu 1993 sé beinlínis fellt niður í samningnum 1995. Sú breyting verði ekki skilin öðru vísi en svo, miðað við allar venjulegar túlkunarreglur, að samningsaðilar hafi breytt hlutverki launanefndar. Enda komi það skýrt fram í ályktun Verkamannasambands Íslands, að þingið skorar á launanefnd og verkálýðsfélögin að segja kjarasamningum upp. Stefndandi byggi allt sitt mál upp á því að stefnda, Verkálýðsfélaginu Baldri, sé ekki heimilt að segja upp samningnum og gefi sér þá forsendu, að „það sé hins vegar ekki á færi einstakra stéttarfélaga að segja upp samningnum . . . hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum. . . hér geti aðeins verið átt við hvorn hluta launanefndarinnar“. Þetta sé rangt.

Vinnuveitendur á Vestfjörðum og stefndi, Verkálýðsfélagið Baldur, séu aðilar að kjarasamningnum frá 4. apríl 1995 og semji m.a. um

að gilda skuli ákvæði kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995 að breyttu breytanda. Þar með séu samningsaðilarnir orðnir „samtök“ og „aðilar“ í skilningi 17. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995 og með því sé hvorum þeirra um sig heimilt að segja samningum lausum með þeim fyrirvara sem 17. gr. áskilur. Afstaða Alþýðusambands Íslands til þessarar stöðu mála skipti engu, enda sé Alþýðusambandið ekki aðili þessara kjarasamninga.

Stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, styður sýknukröfu sína þeim rökum að samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 ráði stéttarfélög málefnum sínum sjálf og samkvæmt 5. gr. sömu laga fari stéttarfélög með samningsumboð fyrir hönd meðlima sinna. Í þessu felist auðvitað gerð kjarasamninga og uppsögn þeirra. Enginn annar aðili þjóðfélagsins geti farið með þau mál fyrir hönd hinna einstöku stéttarfélaga nema samkvæmt beinu og ótvíræðu umboði. Það umboð hafi verið gefið í kjarasamningunum 1993, en þá hafi Alþýðusambandið farið með samningsumboðið fyrir hönd allra aðildarfélaga sinna. Slík hafi ekki verið raunin að þessu sinni. Alþýðusambandið hafi hvorki farið með gerð kjarasamninga, skipun í launanefnd, né séu þeir einstaklingar, sem í nefndinni sitja, með umboð til að segja upp samningum. Það umboð hafi færst aftur til hinna einstöku félaga og landssambanda. Að halda öðru fram sé fjarri öllum sanni. Hlutverk launanefndarinnar skv. 17. gr. sé annars vegar eftirlitshlutverk og hins vegar ráðgjafahlutverk. Því til sönnunar nægi að geta þess að ef launanefnd kæmist að þeirri niðurstöðu sameiginlega fyrir 30. nóvember að gera þyrfti breytingar á gildandi kjarasamningum sé augljóst, í ljósi þess hvernig staðið var að kjarasamningsgerð á þessu ári og í anda 3. sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, að launanefndin sem slík geti ekki breytt samningunum heldur verði að gera um það tillögu til einstakra samningsaðila. Launanefndin geti ekki breytt gildandi kjarasamningum og geti ekki heldur sagt þeim upp. Til hvorugs hafi hún umboð.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hafi skv. 17. gr. kjarasamningsins sjálfstæða uppsagnarheimild, en uppsagnarheimild stefnda hafi ekki orðið virk fyrr en að fenginni niðurstöðu launanefndar. Jafnframt var því haldið fram að forsendur kjarasamningsins séu brostnar og í því sambandi var m.a. vísað til afgreiðslu launanefndar og væntanlegra framlaga úr ríkissjóði og frá vinnuveitendum.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. grein kjarasamnings Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Verkalýðsfélagsins Baldurs frá 4. apríl 1995 voru allir kjarasamningar félaganna framlengdir til 31. desember 1996. Í þeim samningi eru engin uppsagnarákvæði. Jafnframt gerðu félögin öll ákvæði samnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995 að hluta af kjarasamningi sínum.

Gilda því ákvæði 17. greinar samningsins frá 21. febrúar 1995 um uppsögn kjarasamnings Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Verkalýðsfélagsins Baldurs.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995 skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Skilja verður málatilbúnað stefnda svo, að hann telji sig hafa sjálfstæðan rétt til að meta, hvort forsendur samningsins hafi staðist.

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra“.

Málsaðilar eru sammála um að launanefnd hafi verið bær til þess að leggja á það mat, hvort forsendur þær, sem tilgreindar eru í 16. gr. kjarasamnings frá 21. febrúar 1995, hafi staðist. Þegar litið er til þess hlutverks launanefndar að meta samningsforsendur, sbr. 16. og 17. gr. kjarasamningsins, þá þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið, hvort samningsforsendur hafi staðist.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendafélags Vestfjarða frá 4. apríl 1995 er ógild.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða, kr. 100.000 í málskostnað.
